

Rafveita

Almennt verð heimtauga gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Reiknist heimlagnagjald/tengigjald fyrir nýja eða stækkaða heimtaug í grónu hverfi umfram almenna verðskrá er greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði. Virðisaukaskattur reiknast 24% á öll heimtaugagjöld rafmagns.

Aðalheimtaugar fyrir rafveitu	Alls með 24%	
Málstraumur 3 fasa	kr	vsk
16 A	195.947	242.974
32 A	219.460	272.130
50 A	245.795	304.786
63 A	275.291	341.361
100 A	417.106	517.211
200 A	834.205	1.034.414
250 A	1.042.754	1.293.015
315 A	1.313.869	1.629.198
400 A	1.668.407	2.068.825
630 A	2.627.741	3.258.399
710 A	2.961.420	3.672.161
1200 A	5.005.310	6.206.584
Lengdargjald kr/m	16.251	20.151

Bráðabirgðaheimtaug	Alls með	
Málstraumur 3 fasa	kr	24% vsk
16 A	72.091	89.393
32 A	74.735	92.671
50 A	77.479	96.074
63 A	80.322	99.599
100 A	83.270	103.255
Lengdargjald 16 - 63 A	8.299	10.291
Lengdargjald 100 A	8.299	10.291

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð aðalvara húsveitu.

Lengd heimtaugar er mæld frá tengistað hennar við stofnlögn að inntaksstað. Innifalið í heimtaugagjaldi eru 20 metrar innan lóðar. Lengdargjald er greitt fyrir það sem er umfram þá metra sem eru innifaldir í heimtaugagjaldinu.

Lengdargjald bráðabirgðaheimtaugar er greitt fyrir hvern metra. Bráðabirgðaheimtaugar skulu ætíð aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Frístundahús	Alls með 24%	
	kr	vsk
50 A	275.291	341.361
63 A	330.348	409.632

Sú skylda hvílir á eigendum frístundahúsa að koma fyrir sérstökum tengikassa utan á húsum sínum þar sem inntaki og öðrum nauðsynlegum búnaði skal komið fyrir. Sjá nánar í upplýsingariti heimlagna á heimasíðu NO og í tæknilegum tengiskilmálum (TTR).

Sérstakt ákvæði fyrir heimtaugar sem eingöngu eru ætlaðar til rafbílahleðslu við fjöleignarhús

Húsfélag getur sótt um viðbótarheimtaug inn á lóð, eða inn fyrir vegg í bílageymslu, ef núverandi heimtaug ber ekki fyrséða rafbílahleðslu horft til álagsstýringar eða samskonar búnaðar. Viðbótarkostnaður vegna framkvæmda utan lóðar við lögn nýrrar heimtaugar er metinn í hverju tilfalli; miðað við aðstæður, getu dreifikerfisins og samnýtingu aðliggjandi lóðarhafa í samráði við Norðurorku um afhendingarstað. Ef mögulegt er að stækka heimtaug í sama tilgangi greiðist mismunur á heimtaugagjöldum viðkomandi stærða.

Hitaveita

Almennt verð heimæða gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Reiknist heimlagnagjald/tengigjald fyrir nýja eða stækkaða heimlögn í grónu hverfi umfram almenna gjaldskrá er greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðargjöld til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annara nota.

Þvermál inntaks aðalheimæðar Allar veitur nema Reykjaveita	kr	Alls með 11% vsk	Alls með 24% vsk
DN20 (28 mm pex)	622.882	691.399	772.374
DN25 (32 mm pex)	805.265	893.844	998.529
DN32 (40 mm pex)	1.058.269	1.174.679	1.312.254
DN40 (50 mm pex)	1.448.617	1.607.965	1.796.285
DN50	2.063.409	2.290.384	2.558.627
DN65	3.053.916	3.389.847	3.786.856
DN80	4.682.565	5.197.647	5.806.381
Lengdargjald í þéttbýli	13.500	14.985	16.740
Lengdargjald í dreifbýli	7.593	8.428	9.415

Bráðabirgðaheimæð	kr	Alls með 11% vsk	Alls með 24% vsk
DN20 (28 mm pex)	69.812	77.491	86.567
DN25 (32 mm pex)	69.812	77.491	86.567
DN32 (40 mm pex)	69.812	77.491	86.567
Lengdargjald 20-32 mm	11.103	12.324	13.768

Lengd heimæðar er mæld frá tengistað hennar við stofnlögn að inntaksstað. Innifalið í heimæðargjaldi eru 20 metrar. Lengdargjald er greitt fyrir það sem er umfram þá metra sem eru innifaldir í heimæðagjaldinu.

Lengdargjald bráðabirgðaheimæðar er greitt fyrir hvern metra. Bráðabirgðaheimæðar skulu ætíð aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Frístundahús, allar veitur nema Reykjaveita	kr	Alls með 11% vsk	Alls með 24% vsk
22 mm pex (DN15)	622.882	691.399	772.374
28 mm pex (DN20)	747.458	829.678	926.848

Sú skylda hvílir á eigendum frístundahúsa að koma fyrir sérstökum tengikassa utan á húsum sínum þar sem inntaki, tengigrind og öðrum nauðsynlegum búnaði skal komið fyrir. Sjá nánar í upplýsingariti heimlagna á heimasíðu NO og í tæknilegum tengiskilmálum (TTH).

Þvermál inntaks aðalheimæðar Reykjaveitu	kr	Alls með 11% vsk	Alls með 24% vsk
DN20 (28 mm)	820.078	910.287	1.016.897
DN25 (32 mm)	1.068.035	1.185.519	1.324.363
DN32 (40 mm)	1.413.004	1.568.434	1.752.125
DN 40 (50 mm)	1.945.246	2.159.223	2.412.105
DN50	2.783.227	3.089.382	3.451.201
DN65	4.133.639	4.588.339	5.125.712
Lengdargjald í þéttbýli	13.500	14.985	16.740
Lengdargjald í dreifbýli	7.593	8.428	9.415

Lengd heimæðar er mæld frá tengistað hennar við stofnlögn að inntaksstað. Innifalið í heimæðargjaldi eru 20 metrar í þéttbýli en 50 metrar í dreifbýli. Lengdargjald er greitt fyrir það sem er umfram þá metra sem eru innifaldir eru í heimæðagjaldinu.

Frístundahúsnaði Reykjaveitu	kr	Alls með 11% vsk	Alls með 24% vsk
22 mm (DN15)	1.082.740	1.201.841	1.342.598
28 mm (DN20)	1.299.288	1.442.210	1.611.117

Sú skylda hvílir á eigendum frístundahúsa að koma fyrir sérstökum tengikassa utan á húsum sínum þar sem inntaki, tengigrind og öðrum nauðsynl. búnaði skal komið fyrir. Sjá nánar í upplýsingariti heimlagna á heimasíðu NO og í tæknilegum tengiskilmálum (TTH).

Vatnsveita

Almennt verð heimæða gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Reiknist heimæðagjald/tengigjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð í grónu hverfi umfram almenna gjaldskrá er greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði. Ekki reiknast virðisaukaskattur á heimæðar vatnsveitu.

Þvermál inntaks aðalheimæðar vatnsveitu	kr
32 mm	353.324
40 mm	540.375
50 mm	729.509
63 mm	1.021.309
75 mm	1.480.898
90 mm	2.221.351
Lengdargjald í þéttbýli	15.498
Lengdargjald í dreifbýli	8.996

Bráðabirgðaheimæð	kr
32 mm	73.941
40 mm	73.941
Lengdargjald 32-40 mm	8.996

Lengdargjald bráðabirgðaheimæðar er greitt fyrir hvern metra. Bráðabirgðaheimæðar skulu ætíð aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Frístundahús	kr
25 mm	353.324
32 mm	423.989

Sú skylda hvílir á eigendum frístundahúsa sem einnig eru með hitaveitu að inntak vatnsveitu skal tekið inn í inntakskassa hitaveitu.

Fráveita

Tengigjald fráveitu er miðað við tvöfalda tengingu sem er háð hæðarpunktum veitukerfis og því mikilvægt að afla upplýsinga áður en farið er í hönnun frárennslis. Lóðarhafi ber umframkostnað vegna tenginga og þar sem sérstaklega um stærri tengingar og þar sem aðstæður eru óhefðbundnar. Hafa skal samband við Norðurorku varðandi frekari upplýsingar, sjá skilmála fráveitu á heimasíðu NO. Ekki reiknast virðisaukaskattur á tengigjald fráveitu.

Verðin miðast við tvöfalda 110-150 mm tengingu við lóðamörk og fyrstu tengingu inn á lóð, en lóðarhafar greiða raunkostnað fyrir umfram tengingar og stærri tengingar. Ekki er sjálfgefið að umfram tengingar eða stærri tengingar séu samþykktar. Þær þarf að skoða hverju sinni miðað við forsendur. Fyrir stakar lóðir, þar sem tenging er ekki til staðar t.d. vegna þéttingar byggðar, greiðir lóðarhafi raunkostnað af nýrri tengingu við virkt fráveitukerfi.

Þvermál fráveitu (innanmál lagnar)	kr
110 - 150 mm (sérbyli)	367.112
110 - 150 mm (2 til 5 íbúðir)	444.362
110 - 150 mm (6 til 12 íbúðir)	521.611
110 - 150 mm (13 til 20 íbúðir)	598.861
110 - 150 mm (>20 íbúðir)	676.111

Frístundahús (þvermál er innanmál lagnar)	kr
110 - 150 mm (sérbyli)	403.823